

# Stjórnarfundur HSH

Haldinn í samkomuhúsinu, Grundarfirði,

23.apríl 2024 kl. 17:00

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Fundur settur kl. 17:08

## 1. Héraðsþing HSH

- a. Tillaga Snæfells – skipting af hagnaði landsmóts 50+
  - i. Framkvæmdastjóri greiðir út þau 30% sem eftir eru af hagnaði af landsmóti 50+ samkvæmt tímakaupi.
- b. Þinggerð HSH mun verða send út á formenn aðildarfélaganna ásamt því að hún verður birt á heimasíðu HSH þegar hún kemst í loftið.
- c. Hvað var vel gert og hvar getum við bætt okkur
  - i. Stjórn þykir þingið hafa gengið mjög vel. Þó var eitthvað um að þingfulltrúar fóru af þingi áður en nefndarstörfin byrjuðu.  
Breytingartillagan frá Snæfell og Mostra varðandi úthlutun af hagnaði Landsmóts UMFÍ 50+ til aðildarféлага kom á óvart þar sem svona lítil upphæð skiptir litlu félögin máli, ungmennafélagsandinn fór fyrir lítið þar sem afraksturinn ætti að vera til að styrkja svæðið í heild sinni. Rætt um muninn á hagnaði og tapi af svona landsmóti. Ef um tap hefði verið að ræða þá þyrfti HSH að taka það á sig. Mikil vonbrigði hjá meirihluta stjórnar v. breytingartillögunar.
  - ii. Ársskýrslan vel heppnuð en mikilvægt að bæta stofnari aðildarfélaganna inn á næsta ári. Ársskýrslan var í heildina prentuð í 30 eintökum.

## 2. Lottóúthlutun

- a. Lottóúthlutun fyrir árið verður greidd til aðildarféлага á næstu dögum/viku.

## 3. Næstu verkefni

- a. Garðar og Gunnhildur munu fara í fyrirtæki á nesinu nú á næstu vikum og óska eftir áframhaldandi styrk. Þá á einnig eftir að klára nokkur verkefni eftir þingið, svo sem

senda þakkir til sveitarfélaganna, ÍSÍ, UMFÍ og aðildarféлага HSH. Framkvæmdastjóri vinnur nú að skýrsluskilum til ÍSÍ, heimasíðugerð og þjálfarahandbók HSH. Þá er verið að skoða skyndihjálparnámskeið fyrir aðildarfélögin. Hugmynd framkvæmdastjóra var að vera með formannafundi með hverju aðildarfélagi fyrir sig þar sem hægt er að greina þörf hvers og eins félags. Ákveðið var að hinkra með þá fundi þangað til að reynsla hefur komið á starf nýrra starfsmanna svæðisstöðva hjá UMFÍ og ÍSÍ og taka stöðuna eftir sumarið.

#### 4. Önnur mál

##### a. Yfirlit framkvæmdastjóra:

- i. Frá því á síðasta fundi fór mikil vinna í þing HSH sem haldið var í Lýsuhólsskóla þann 11. apríl s.l. Fyrst og fremst var lögð áhersla á að ársskýrsla HSH yrði vel uppsett. Þá fór mikill tími í lagabreytingar á lögum HSH sem samþykkt voru á þinginu, ásamt reglugerðum, tillögum og öðru sem lagt var fram á þingi.

##### b. Kúluvarpshringur – Víkingur/Reynir

Víkingur Reynir vill athuga hvort HSH vilji kaupa kúluvarpshring sem þau létu útbúa fyrir sig og kostaði miklu meira heldur en þau ætluðu sér. Stjórn HSH samþykkir að styrkja kaupin að einhverju leiti og bendir þeim á að senda inn formlega styrkbeiðni til HSH.

- c. Umhverfisúthlutun: 200.000 kr. sem greitt var út 19. september 2023 fór inn í heildarupphæð Landsmóts 50+ og var greitt út til sjálfbóðaliða HSH. HSH mun bjóða að taka þátt í gróðursetningum upp að þessari upphæð ef eitthvað af aðildarfélagunum eru á leið í gróðursetningu.

#### 5. Skoða gögn og annað sem eru á fyrrum skrifstofu HSH í Grundarfirði

- a. Stjórn kíkta yfir þær möppur, skjöl og annað sem HSH á í Samkomuhúsinu í Grundarfirði. Vinnufundur verður í Grundarfirði á haustdögum til þess að fara í gegnum allt dótið og koma því fyrir á viðeigandi stöðum.

Fundi slitið kl. 18:45

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir